

## 11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt á stofnfundi Sjómannabjónustunnar í Reykjavík 17. maí 2000.

Grétar Mar Jónsson, FFSÍ Guðmundur Hallvarðsson, SDR Borgþór S. Kjærnested, SR

Helgi Laxdal, VÍ Jón Dalbú Hróbjartsson, Þjóðkirkjan

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. júlí 2000.*

F. h. r.  
Jón Thors.

*Fanney Óskarsdóttir.*

17. júlí 2000

Nr. 538

## AUGLÝSING

### um niðurlagningu sjóða.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988, hefur dómsmálaráðherra lagt niður eftirtalda sjóði að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar:

Nr. í sjóða-skrá	Heiti	Númer í B-deild Stjórnartíðinda
107	Minningarsjóður Björns Vilhjálmssonar	130/1912
121	Minningarsjóður Þorvaldínu S. Jónsdóttur	63/1915
507	Ekknasjóður Akraness	58/1942
545	Minningarsjóður Þórarins Kristjánssonar, hafnarstjóra	199/1943
575	Bókasjóður Víðihlíðar	189/1944
589	Minningarsjóður hjónanna Kristínar Jóhannsdóttur og Hjalta Jóhannssonar og fyrri konu hans, Gróu Þorkelsdóttur	116/1945
715	Bókasafnssjóður sjúkrahússins á Patreksfirði	16/1950
720	Líknar- og menningarsjóður Ljósmeðrafélags Reykjavíkur	56/1950
756	Minningarsjóður Sigríðar Lárettu Pétursdóttur og Steinunnar Stefaníu Einarsdóttur	179/1951
863	Slysa- og sjúkrasjóður Lögreglufélags Reykjavíkur	18/1958
934	Minningarsjóður Sigríðar Bogadóttur og Guðmundar Þorvarðssonar	173/1961

Nr. í sjóða-skrá	Heiti	Númer í B-deild Stjórnartíðinda
957	Fegrunarsjóður Skarðskirkju	58/1963
1040	Minningarsjóður Erlings Pálssonar	236/1968
1190	Samtökin „Ungt fólk með hlutverk“	121/1978
1197	Námssjóður Lis og Ingvard Thorsen	244/1978
1272	Heilsuhællissjóður Náttúrulækningafélags Íslands	503/1983
1335	Styrktarsjóður aldraðra	365/1984
1386	Heimsljós	431/1990
1412	Orð lífsins	71/1992

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. júlí 2000.*

F. h. r.  
**Jón Thors.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum.

#### I. KAFLI

##### Gildissvið og skilgreiningar.

##### 1. gr.

Reglugerð þessi fjallar um sérákvæði sem eiga við um heimildir dýralækna til ávísunar lyfja en að öðru leyti fer samkvæmt reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja.

##### 2. gr.

Aðeins dýralæknum er heimilt að ávísa lyfjum til dýralækninga.

##### 3. gr.

Til búfjár teljast, samkvæmt þessari reglugerð, nautgripir, svín, sauðfé, geitur, hestar og önnur hóf- og klaufdýr, loðdýr og hvers kyns fiðurfénaður, auk þess eldisfiskur (hvers kyns eldisdýr í sjó eða ferskvatni) og önnur dýr sem haldin eru til matvælaframleiðslu.

Með dýri er átt við öll dýr, þar með talið búfé.

Með dýralyfi er átt við lyf sem ætlað er til dýralækninga.

Með eiganda eða umráðamanni dýrs er átt við einstakling eða lögaðila sem á eða hefur umsjón með viðkomandi dýri.

#### II. KAFLI

##### Lyf, sem óheimilt er að nota handa dýrum eða notkun þeirra er háð sérstökum takmörkunum.

##### 4. gr.

Lyf, sem innihalda eftirtalin efni, er óheimilt að nota handa dýrum:

1. Stilben efnasambönd.
2. Lyf við ofstarfsemi skjaldkirtils.
3. Arsenik og arseniksambönd.